



VATN

Áhrif fataframleiðslu

Verkefni fyrir 13-25 ára

Nemendur eiga að skoða hvaða áhrif fataframleiðsla hefur á íbúa og náttúruna þar sem föt eru framleidd.



Markmið

- Að nemendur fræðist um framleiðsluferli og umhverfisáhrif fataiðnaðarins
- Að nemendur kafi dýpra og leiti upplýsinga um dökku hliðar fataiðnaðarins



Framkvæmd

Hraðtíska er þegar tískumerkin framleiða og selja mikið af ódýrum fatnaði, fatnaði sem er oft úr lélegum efnum og lygilega ódýr. Þessi föt eru oft framleidd í löndum þar sem launin eru lág og vinnuskilyrði slæm, þar eru jafnvel börn að störfum. Auðlindir eins og vatn og landsvæði eru þaulnýttar. Framleiðslan er mjög mengandi t.d. fer eiturefni sem notað er í textílinn eins og litarefni í vatn heimamanna sem notað er til drykkjar, til að þvo þvotta og baða sig úr o.fl. Það er ljóst að mannréttindi og náttúran eru ekki verðlögð með fötunum.

Í þessu verkefni ætlum við að vinna með rannsóknarspurninguna:

Hverjar eru afleiðingar fataframleiðslu á íbúa eða náttúru þar sem föt eru framleidd.

Hér eru nokkrar hugmyndir að umfjöllunarefnum.

- Hvað áhrif hafði bómullarræktun á Aralvatn?
- Hver eru áhrif eiturefna í Bangladesh?
- Hvernig eru aðstæður í fataverksmiðjum í þróunarlöndum?

Hér er tilvalið að nota fjölbreyttar aðferðir við skil t.d. hlaðvarp, ritun, blaðagrein, veggspjald, myndband.